



# Lævis þróun á sölu íslenskra veiðiheimildum



Innan fundarraðar Ögmundar Jónassonar „Til róttækra skoðunar“ var haldinn fundur í

Þjóðmenningarhúsinu þann 11. janúar 2020 um eignarhald á sjávarauðlindinni.

Eftirfarandi er upptaka af fundinum. Þessi fundur var sá fyrsti í fundaröð um kvótamál og var undir yfirskriftinni Gerum Ísland heilt á ný - kvótann heim! Gunnar Smári Egilsson blaðamaður hélt erindi og í kjölfarið fylgdu umræður. Gunnar Smári hefur fylgst með þróun kvótakerfisins í sjávarútvegi, hvernig þetta kerfi hefur hreinlega brotið Ísland. Hann talar fyrir róttækri uppstokkun og vill kvótann heim. Þessi fundur varð kveikja að röð funda víðsvegar um Ísland.

Við uppljóstranir Jóhannesar Jóhannessonar um umsvif Samherja í Namibíu hófst að nýju mikilvæg og löngu tímabær umræða um fiskveiðistjórnun á Íslandsmiðum. Þótt viðbrögð stjórnvalda og Alþingis séu í lágmarki, hefur hafist mikil umræða meðal almennings. Einn þeirra sem vakti máls á þessu vel fyrir tíma Samherjahneykslisins er Gunnar Smári Egilsson. Hann hefur birt um þetta efni frá 2016. Innan fyrirlestraraðarinnar „Til róttækra skoðunar“ á vegum Ögmundar Jónassonar hélt Gunnar Smári fyrirlestur þann 13. janúar sl. Hann fjallaði hann um sögulega tilfærslu fiskveiðiheimilda eða kvóta í hendur örfárra. Heilu þorpin þurrkuðust út vegna þess hvernig kvótinn færðist úr þorpinu. Eftir stóð fólk uppi allslaust með verðlausar eignir. Hrunið 2008 hraðaði á ferlinu, þá keyptu kvótaeigendur fjölmörg önnur fyrirtæki í landinu sem stóðu höllum fæti.

Þessi þróun minnir óneitanlega á orð Íslandsvinarins Johns Perkins, fyrrverandi efnahagsböðuls og uppljóstrara.

Í heimildamyndinni „John Perkins- fæðing efnahagsböðuls“ er því lýst á eftirfarandi hátt hvernig efnahagsböðlar starfa:

„Við – efnahagsböðlarnir – vorum þeir sem bárum ábyrgð á mótun hins fyrsta raunverulega heimsveldis. Og við unnum það á marga mismunandi vegu.“

En: líklega algengasta leiðin til að velja land sem býr yfir náttúruauðlind eins og olíu var að veita landinu stórt lán frá Alþjóðabankanum eða miðla dótturfyrirtækis þess. En peningarnir renna í raun ekki til landsins. Í staðinn ganga þeir til fyrirtækjanna okkar og þau byggja upp innviðakerfi í landinu. Orkufyrirtæki, iðnaðarsvæði, hafnir – fyrirtæki sem einungis örfáir auðmenn í landinu græða á. Í raun hjálpa þessar aðgerðir ekki stærsta hluta þjóðarinnar. Þjóðinni er samt eftir látið að bera allar skuldarnar. Þetta eru svo háar upphæðir að hún getur ekki greitt þær til baka.“

Það er eingöngu í höndum fólksins sjálfs að krefjast þess sem er í raun eign þjóðarinnar. Og að auðlindir svæðanna haldist þar.

Hér á eftir kemur fyrirlestur Gunnars Smára „Kvótinn heim“ ....

eftir hj

Heimildir:

-

**Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:**

#Fjarmal - Fjármál - [www.kla.tv/fjarmal](http://www.kla.tv/fjarmal)

**Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjalsar – óháðar – óritskoðaðar ...**



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á [www.kla.tv/is](http://www.kla.tv/is)

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið

þitt færðu hér: [www.kla.tv/abo-is](http://www.kla.tv/abo-is)

**Ábending öryggisins vegna:**

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tillíastæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: [www.kla.tv/vernetzung&lang=is](http://www.kla.tv/vernetzung&lang=is)

Licence:  *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í. Stofnunum reknunum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.